

## A 1797/välfärd

<b>Flytjandi</b>	Flokkahópur jafnaðarmanna
<b>Afgreiðsla</b>	Norræna velferðarnefndin

**Þingmannatillaga  
um að draga úr aðgangi barna og ungmenna að klámi í samfélaginu****Tillaga**

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

*að sjá til þess að ekki verði hægt að fá aðgang að klámi gegnum þriðja aðila nema staðfesta aldur (til dæmis með bankaauðkenni) svo að tryggt sé að notandinn sé orðinn 18 ára;*

*að vinna að því að klámefni sé ekki aðgengilegt í skólum og leikskólum á Norðurlöndum, til dæmis með því að setja upp klámsíur eða sambærilegar tæknilausnir í tölvur og spjaldtölvur á þessum stöðum;*

*að miðla góðum dæmum um að tekist hafi að draga úr tækifærum barna og ungmenna til að neyta kláms.*

**Bakgrunnur**

Á undanförunum tíu árum hefur klámefni á netinu orðið grófara. Það inniheldur ógnandi og niðurlægjandi hegðun og kynferðislegt ofbeldi gagnvart konum. Árið 2006 átti Norræna ráðherranefndin frumkvæði að gerð rannsóknaskýrslunnar „Unga, kön och pornografi i Norden“ (Ungmennir, kyn og klám á Norðurlöndum). Niðurstöður hennar sýna að næstum öll börn og ungmenni á Norðurlöndum hafa neytt kláms. Auk þess eru þau afar ung þegar þau komast fyrst í kynni við klámefni. Drengir byrja að horfa á klám um 12–14 ára aldur og á Íslandi aðeins 11 ára gamlir. Samkvæmt rannsókn sem gerð var við háskólann í Linköping horfðu 11 prósent drengja daglega á klám árið 2004, en 2014 hafði hlutfallið meira en tvöfaldast. Greinileg aukning hefur átt sér stað.

Klámið hefur áhrif á drengi og karlmenn. Þeir eiga á hættu að verða ágengari kynferðislega, klámið getur haft áhrif á myndun náinna tengsla og þeim getur farið að þykja ofbeldi gegn konum léttvægt.

Metoo-hreyfingin leiddi skýrt í ljós að margar ungar stúlkur og konur verða fyrir kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Það er aldrei í lagi að nota eða niðurlægja aðra manneskju. Spurningin er hversu mikinn þátt klámið á í því að gefa drengjum og karlmönnum skakka mynd af konum.



Samkvæmt barnasáttmálanum á að vernda börn fyrir kynferðislegri misnotkun og gegn því að vera notuð í t.d. klámefni. Löggjöf um klám er til staðar en hún hefur ekki haldið í við stafræna tækniþróun. Ólöglegt er að birta klámfengna mynd í kennslubók, en gegnum spjaldtölvur og tölvur skólans hafa börn oft aðgang að klámi og ofbeldisfullum tölvuleikjum eða kvikmyndum.

Skólinn á að vera öruggur staður fyrir öll börn. Miklum tíma og fjármunum er varið í að bæta skólaumhverfi barna hvað snertir líkamlega og sálfélagslega þætti en við vitum minna um þann heim sem börnin hrærast í á netinu. Mikilvægt er að enginn aðgangur sé að klámi í skólum og leikskólum á Norðurlöndum. Ein leið til að draga úr hættu á slíku í skólaumhverfinu er að skólarnir setji upp klámsíur eða aðrar tæknilausnir í tölvur og spjaldtölvur á sínum vegum.

Í Bretlandi þurfa notendur nú að staðfesta aldur sinn til að nálgast klám. Í því felst að til að fá aðgang að klámefni eða ofbeldisfullum tölvuleikjum gegnum þriðja aðila þarf notandi að staðfesta að hann hafi náð 18 ára aldri. Í Svíþjóð er þetta gert með bankaauðkenni, tæknilausn sem meðal annars má nýta til að ganga úr skugga um að notandi hafi náð sjálfræðisaldri.

Með hjálp nútímataækni er auðvelt að dreifa klámi og finna það. Þróunin er svipuð á öllum Norðurlöndum. Því er mikilvægt að vinna áfram með málið og finna lausnir til að draga úr tækifærum barna og ungmenna til að neyta kláms. Samvinna og þekkingarmiðlun eru styrkur norræns samstarfs.

Reykjavík, 22. janúar 2019

*Annette Lind (S)*  
*Emilia Töyrä (S)*  
*Erkki Tuomioja (sd)*  
*Eva Lindh (S)*  
*Gunilla Carlsson (S)*  
*Ingalill Olsen (A)*  
*Jorodd Asphjell (A)*  
*Karin Gaardsted (S)*

*Lars Mejern Larsson (S)*  
*Martin Kolberg (A)*  
*Nina Sandberg (A)*  
*Per-Arne Håkansson (S)*  
*Pyry Niemi (S)*  
*Ruth Grung (A)*  
*Stein Erik Lauvås (A)*  
*Tony Wikström (ÅSD)*